

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „kr. 10 000.00“ í 2. málsg. 112. gr. komi: kr. 60 000.00.

Í stað „kr. 3 000.00“ í 3. málsg. 112. gr. komi: kr. 7 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr., sbr. lög nr. 41/1973, 1. gr., bætist nýr töluliður, 5. töluliður, svaðhljóðandi:

5. Fyrir háttsemi, sem greinir í milliríkjasamningi frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.